

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	17.11.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Flugvallarbraut 235 bygging 752	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6702120840	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Þórhallsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Flutningur starfsleyfis Stakksbrautar 9 á nýja kennitölu og á nýtt nafn var samþykkt með bréfi frá 21. október 2015. Félagið heitir núna Sameinað Sílikon hf. Þorvaldur Helgi Auðunsson er skráður sem tengiliður fyrirtækisins við Umhverfisstofnun.

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi þar sem að mæliáætlun hefur ekki verið lögð fram. Auk þess eru gerðar fjórar athugasemdir við starfsemina:

- Ekki liggur fyrir hvernig úrgangi frá verksmiðjunni kemur til með að vera ráðstafað.
- Ekki liggur skýrt fyrir hvar geymslusvæði fyrir úrgang kemur til með að vera á verksmiðjulóðinni eða hvernig frágangur á lóðinni kemur til með að uppfylla skilyrði um hreinsun frárennslis. Stofnunin óskar eftir greinagerð sem fjallar um þessi atriði ásamt lóðarteikningu.
- Vöktun á loftgæðum í umhverfi verksmiðjunnar er ekki hafin. Þá hefur ekki verið unnið úr þeim sýnum sem tekin voru í jarðvegi, tjörnum og gróðri í haust. Stofnunin óskar eftir skýrslu um niðurstöður vöktunarmælinganna.
- Samþykkt áætlun fyrir vöktun umhverfisþátta í umhverfi verksmiðjunnar liggur ekki fyrir. Nýjasta tillagan sem send var stofnuninni þann 30. nóvember sl. uppfyllir ekki þær kröfur sem stofnunin hefur lagt fram m.a. í tölvupósti 11. september sl. Stofnunin óskar eftir uppfærðri áætlun eða rökstuðningi fyrir því sem ekki er uppfyllt í núverandi tillögu.

UMFANG EFTIRLITS

Í kjölfar síðasta eftirlits var Þorvaldur Helgi Auðunsson tilnefndur sem tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun. Hann er ábyrgur fyrir samskiptum rekstraraðila við stofnunina sbr. grein 4.2 í starfsleyfi og ber fyrirtækinu að tilkynna stofnuninni ef breyting verður þar á.

Eftirlitið hófst á yfirferð á starfsleyfi. Farið var yfir skilyrði í starfsleyfinu, fyrirkomulag eftirlits, samskipti, gagnaskil og skráningar.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og strandar, staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sem bærust stofnuninni í tölvupósti þann 18. september sl. eru samþykktar af hálfu stofnunarinnar. Mæliáætlun fyrir mælingar á losun frá verksmiðjunni skal lögð fram a.m.k. 6 mánuðum fyrir gangsetningu verksmiðjunnar sbr grein 3.1 í starfsleyfi. Þar skal m.a. fjalla um tíðni mælinga, mæliáferðir og staðsetningu mælinga.

Þá var rætt um bakgrunnsrannsóknir í umhverfi verksmiðjunnar. Sýnum í gróðri, jarðvegi og tjörnum hefur verið safnað í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofu Suðvesturlands. Efnagreiningum á þeim var ekki lokið þegar eftirlitið fór fram. Óskað var eftir skýrslu um niðurstöður vöktunarmælinganna. Þar skal koma skýrt fram staðsetning sýnanna (GPS staðsetningar) sem og sýnatöku- og efnagreiningaraðferðir. Bakgrunnsrannsóknir á loftgæðum eru ekki hafnar. Í eftirlitinu kom fram að búið er að panta mælibúnað fyrir loftgæðastöðvarnar og fyrirhugað að mælingar geti hafist um miðjan janúar 2016.

Samþykkt áætlun yfir vöktun umhverfisþátta í umhverfi verksmiðjunnar liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun sendi bréf þann 11. september sl. til iðjuveranna sem fyrirhuguð eru á svæðinu, þ.e. Sameinuðu Sílikon, Norðuráli og Thorsil ehf. og óskaði eftir sameiginlegri áætlun ásamt viljayfirlýsingu undirritaðri af fyrirtækjunum þremur um þáttöku í sameiginlegri vöktun á svæðinu. Í eftirlitinu kom fram að illa gengi að fá hin fyrirtækin til að skrifa undir viljayfirlýsingu um sameiginlega vöktun. Ef fyrirtækin geta ekki komið sér saman um sameiginlega vöktun á svæðinu mun stofnunin taka að sér úrvinnslu vöktunargagna og kynna fyrir almenningi. Fyrirtækin munu bera kostnað af þeirri umsýslu. Þann 30. nóvember sl. barst stofnuninni tillaga að vöktunaráætlun fyrir Sameinað Sílikon hf. Í áætluninni hefur ekki verið tekið fullilega tillit til þeirra athugasemda sem stofnunin gerði við fyrri tillögur.

Þá var rætt um bestu fánlega tækni fyrir verksmiðjuna. Spurt var út í mengunarvarnarbúnað frá ofnum

og á helstu ryk uppsprettum. Stærstu hreinsivirkin eru frá ofnunum, en minni pokasíuvirki verða sett upp fyrir útblástur frá aftöppun, steypun, málmhreinsun og mölun. Jafnframt var minnt á skilyrði sem þarf að uppfylla varðandi frárennsli. Spurt var út í móttökuaðila úrgangs en ekki liggur fyrir að svo stöddu hverjir muni koma til með að taka á móti úrgangi frá verksmiðjunni. Minnt var á að leyfi til útflutnings á spilliefnum þarf að samþykkja af hálfu yfirvalda hérlendis sem og í viðkomandi landi svo mikilvægt er að sótt verði tímanlega um slík útflutningsleyfi. Að lokum var rætt var um gæðastýringu á hráefnum og tíðni sýnatöku í hráefnisförmum.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Búið er að steypa gólf fyrir ofnhúsið, koma ofninum fyrir og verið að steypa upp milliveggi. Á efra planinu er byrjað að reisa stálgrindur fyrir hreinsivirki frá ofnum og farið að móta fyrir plani fyrir innmötun hráefna. Ekki liggur fyrir hvar hráefnisgeymslurnar verða á lóðinni sem og geymsla fyrir framleiðsluúrgang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 3.1 í starfsleyfi	Mæliáætlun um mælingar vegna krafna í 2. kafla í starfsleyfi skal leggja fyrir amk 6 mánuðum fyrir gangsetningu. Slík mæliáætlun liggur ekki fyrir en samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er stefnt að gangsetningu í maí 2016.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að ekki er ljóst hvernig úrgangi frá verksmiðjunni kemur til með að vera ráðstafað. Mikilvægt er viðurkenndir farvegir og móttökuaðilar fyrir úrgangsefnin liggja fyrir þegar starfsemi hefst. Í tölvupósti sem barst stofnuninni 30. des sl. kom fram að rekstraraðili sé í viðræðum við mögulega kaupendur af aukaafurðum sem koma til með að falla til við framleiðsluna.

Þá er gerð athugasemd við að ekki liggur skýrt fyrir hvar aðstaða til að geyma framleiðsluúrgang kemur til með að vera á lóðinni. Stofnunin óskar eftir greinagerð um framangreint atriði ásamt lóðarteikningu af svæðinu. Í greinagerðinni skal tekið fram hvernig fyrirhugað er að halda utan um frárennsli af plönnum frá verksmiðjunni.

Þriðja athugasemdin snýr að því að vöktun á loftgæðum umhverfis verksmiðjuna er ekki hafin. Mikilvægt er að hún hefjist sem allra fyrst. Þá hefur ekki verið unnið úr þeim vöktunarsýnum sem tekin voru í haust í gróðri, jarðvegi og tjörnum. Stofnunin óskar eftir skýrslu um niðurstöður vöktunarmælinganna.

Að lokum er gerð athugasemd við að samþykkt vöktunaráætlun fyrir verksmiðjuna liggur ekki fyrir. Stofnunin óskar við uppfærðri tillögu þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda sem sendar voru rekstraraðila í tölvupósti 11. janúar sl.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent Umhverfisstofnun beiðni um breytingu á starfsleyfi annars vegar varðandi fjölda ofna í verksmiðjunni og hins vegar vegna losunarmarka kadmíums í starfsleyfinu. Eins og fram kemur í svarbréfi stofnunarinnar frá 22. desember sl. er breytingin tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og mun Umhverfisstofnun því ekki afgreiða umsókn um breytingu á starfsleyfi fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2016


Halla Einarsdóttir